# BLÁSKÓGABYGGÐ - Laugarvatn deiliskipulagsbreyting - Hverabraut 1b



*Deiliskipulag fyrir breytingu - mkv. 1:2000*



*Deiliskipulag eftir breytingu - mkv. 1:2000*

Deiliskipulagsbreyting þessi sem grenndarkynnt hefur verið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann

18.11.2024

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita Skipulagsfulltrúi

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda

þann 28.01.2025



Hluti úr gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027

### Greinargerð

Um er að ræða óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi þéttbýlis Laugarvatns í Bláskógabyggð. Upphaflegt deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar 20. maí 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 28. júní 2021. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar síðan þá.

### Lýsing á breytingu

Deiliskipulagsbreyting þessi nær til nýrrar lóðar, Hverabrautar 1b, fyrir dreifistöð rafmagns. Þar sem til stendur að stækka Fontana, er þörf á öflugri heimtaug rafmagns og nýrri dreifistöð. Breytingin felst í að skilgreind verður ný 20m² lóð þar sem heimilt er að reisa dreifistöð allt að 12m² að stærð. Útlit byggingar skal falla vel að umhverfi sínu. Klæðning skal vera úr timbri. Litir á timbri, grind og þaki skulu vera mattir og í milli - til dökkgráum tónum.

Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027, þar sem lóðin lendir innan miðsvæðis M1.

Lóðin er á svæði sem er á náttúruminjaská og einnig innan áhrifasvæðis friðlýstrar þjóðminjar, Vígðulaugar. Ekki er talin stafa hætta af því að framkvæmdir við uppsetningu dreifistöðvar hafi áhrif á friðlýstar menningarminjar en gæta skal fyllstu varúðar við framkvæmdir. Ekki er heldur talið að staðsetning dreifistöðvar hafi áhrif á friðlýstar náttúruminjar, en Laugarvatn ásamt aðliggjandi mýrlendi er á náttúruminjaskrá nr. 741. Breytingin er því ekki talin hafa teljandi umhverfisáhrif.

Að öðru leyti gilda skipulags- og byggingarskilmálar sem samþykktir voru 20. maí 2021, m.s.br.

### SKÝRINGAR:

- Lóðamörk
- Mörk deiliskipulags
- Byggingarreitur hámark
- Núv. hús
- Hús til skýringar
- Gata
- Vistgata
- Útivistarstígur / gönguleið
- Stígur / gangstétt
- 00 Húsnúmer
- 900 m² Stærð lóðar
- Svæði á náttúruminjaskrá
- Opin svæði
- Trjágróður - kvöð um gróður
- Menningarminjar og áhrifasvæði


Dæmi af sambærilegri dreifistöð



Skýringarmynd, mkv. 1:1.000

| HEITI VERKS: | | |
|---|---|---|
| BLÁSKÓGABYGGÐ LAUGARVATN | | |
| HEITI TEIKNINGAR: | | |
| DEILISKIPULAGSBREYTING HVERABRAUT 1b, dreifistöð | | |
| VERKNR: 219-008 | MKV: 1:2000 í A3 | TEIKNING NR: 1/1 |
| TEIKNAÐ AF: sg | HANNAÐ AF: sg | DAGS. TEIKN: 21. okt. 2024 |
| YFIRLESTUR / UNDIRSKRIFT: | | TEIKN. BREYTT: |


LANDFORM
LANDSLAGSARKITEKTAR
Austurvegi 6 - 800 Selfoss
s: 482 4090
netf: landform@landform.is